

Ed.

374. Frumvarp til laga

[197. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum. Skulu gjöldin vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi tollskrá, þannig, að dálkur nr. 1 gildir fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið í dálki nr. 2. Dálkur nr. 2 gildir fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE). Dálkur nr. 2 gildir þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum, sem innfluttar eru til landsins frá Efnahagsbandalagi Evrópu í upprunalegri mynd þess, þ. e. frá Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Luxembourg og Vestur-Pýzkalandi, svo og frá Írlandi:

03.03.09	16.03.00
05.04.00	16.04.00
05.06.00	16.05.00
05.15.00	20.02.01
14.02.00	21.03.00
14.03.00	21.05.03
14.04.00	22.01.01
14.05.00	22.08.00
15.04.00	23.01.00
15.05.00	24.02.32
15.06.00	

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og Alþingi er kunnugt, hefur í kjölfar samþykktar ályktunar Alþingis um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta samning Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu verið skipzt á tilkynningum samningsaðila um, að samningurinn hafi hlotið þá meðferð, sem nauðsynleg er hjá hvorum samningsaðilanum um sig, til að hann taki gildi. Tilkynningaskiptin fóru fram 28. febrúar s. l. og tekur samningurinn því gildi 1. apríl 1973.

Lagafrumvarp þetta er bein afleiðing staðfestingar Íslands á samningi Íslands við EBE og felur eingöngu í sér nauðsynlegar orðalagsbreytingar á 1. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 1/1970, til að tollfríðindum þeim, sem innflutningur frá EFTA-löndum hefur notið, verði jafnframt beitt gagnvart innflutningi frá EBE. Jafnframt eru tiltekin þau 21 tollskrárnúmer, sem samningur Íslands og EBE tekur ekki til, varðandi innflutning til Íslands, en falla hins vegar undir ákvæði EFTA-samnings um fríverzlun.

Þótti rétt að gera þetta á einfaldan hátt með breytingu á 1. gr. laga um tollskrá o. fl. í stað þess að gefa út nýja tollskrá með þremur dálkum í stað tveggja áður, þ. e. einn fyrir tollskrártoll, annan fyrir EFTA-toll og hinn þriðja fyrir EBE-toll. Er ekki talin hætta á, að sú framkvæmd valdi hlutaðeigandi aðilum erfiðleikum. Ný tollskrá mun hins vegar verða gefin út fyrir lok ársins 1973, vegna þeirra tollalækkana, sem taka gildi 1. janúar 1974 samkvæmt samningi Íslands um aðild að EFTA og samningi Íslands við EBE. Fyrir þann tíma er jafnframt gert ráð fyrir, að fram hafi farið endurskoðun á tollskrárlögum vegna ýmiss konar lagfæringa og breytinga, sem gera þarf m. a. með tilliti til bætrrar samkeppnisaðstöðu iðnaðarins. Verður stefnt að því að leggja það frumvarp fram í byrjun næsta þings.